

Háskólinn á Akureyri og Félag háskólakennara á Akureyri (FHA).

Viðauki við stofnanasamning vegna breytinga á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, 9. janúar 2020.

2. Kafli 2 Kennrarar og nýdoktorar – launatafla akademískra nr. 696 (A)

2.5 Launaröðun

2.5.1 Launaröðun aðjúnkta, lektora og dósenta

Frá 1. september 2020 raðast aðjúnktar, lektorar og dósentar í launaflokka akademískrar launatöflu eins og fram kemur í töflu 2.1, sbr. samkomulag um breytingar í kjarasamningi FHA við fjármála- og efnahagsráðherra. Stig eru metin samkvæmt samræmdu matskerfi opinberu háskólanna.

Tafla 2.1, launaröðun aðjúnkta, lektora og dósenta

Rannsóknastig	Heildarstig	L.fl.
<135	<250	L08-0
135-269	250-374	L09-0
270-334	375-499	L10-0
335-399	500-624	L11-0
400-474	625-749	L12-0
475-549	750-899	L13-0
550-649	900-1049	L14-0
650-749	1050-1199	L15-0
750-999	1200-1599	L16-0
1000-1499	1600-1999	L17-0
1500>	2000>	L18-0

Röðun í launaþrep 0-7 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2.2. Röðun í launaþrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 2.2 kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015¹.

Tafla 2.2

Launaþrep	0	1	2	3	4	5	6	7
	<50	50	100	150	300	450	600	800

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa aðjúnkta, lektora og dósenta á milli launaflokka og launaþrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsháttu skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknarskýrslu, sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækjun um launaflokk- og/eða launaþrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á rannsóknastig.

¹ Við gildistöku nýs kjarasamnings 2015 röðuðust aðjúnktar, lektorar og dósentar í 0. launaþrep óháð launaflokk og hófst stigatalning samkvæmt töflu 2.2 1. janúar 2015 og kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015.

J.S.

H.H.

2.5.2 Launaröðun nýdoktora

Þeir sem ráðnir eru í fullt rannsóknarstarf á sérsviði sínu sem nýdoktorar, sbr. skilgreiningu á nýdoktor, eiga kost á að fá störf sín metin skv. matskerfi opinberu háskólanna. Frá 1. september 2020 raðast nýdoktorar samkvæmt töflu 2.3. í launatöflu akademískra (A). Sjá skilgreiningu á starfi nýdoktors í fylgiskjali II með stofnanasamningi. Nýdoktorar raðast skv. töflu 2.3 í samræmi við rannsóknarskyldu sína sem er að lágmarki 60%.

Tafla 2.3, launaröðun nýdoktora

Rannsóknastig 40% r.hlutf.	Heildarstig 60%	L.fl.
	<200	L06-1
	200	L07-1
135	155	L08-1
270	320	L09-1
335	410	L10-1
400	500	L11-1
475	600	L12-1
550	720	L13-1
650	840	L14-1
750	960	L15-1
1000	1280	L16-1
1500	1600	L17-1
	2000	

Lágmarksröðun nýdoktora er í L06-1, nýdoktorar raðast ekki í launaþrep eftir B, C, D, E og F hluta matskerfis opinberra háskóla.

Fyrirvari með röðunarforsendur í launaflokka og launaþrep

Stofnanasamningur miðast við samræmdar matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflum 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 endurskoðaðar af aðilum samningsins.

2.6 Yfirvinna

Hámark yfirvinnu kennara og nýdoktora er eins og fram kemur í töflu 2.5, starfsmanni er þó heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram yfirvinnubæk og flytja yfirvinnu sem samsvarar allt að eins misseris heimilaðri yfirvinnu á milli missera.

Tafla 2.5

Launaflokkar:	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Yfirvinna alls á árl:	648	624	540	540	540	468	420	420	420	420	420	420	420

Yfirvinnubakið nær til hámarksfjölda yfirvinnustunda á ári, þar af getur þjónustuyfirvinna numið að hámarki 200 klst. Tímakaupið fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af viðkomandi mánaðarlaunum. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu, svo sem yfirvinnu vegna kennslu, er fastur taxti 0,615% af launaflokki 11-0 til 31. ágúst 2020 en frá 1. september 2020 fastur taxti 0,615% af launaflokki 14-0, þó ekki lægri upphæð en 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi.

Aðjúnkt, lektor eða dósent í minna en 100% starfi fær greidda yfirvinnu kennslu ef viðkomandi kennir umfram kennsluskyldu ráðningaráhlutfalls, nema hlutfalli sé formlega breytt.


Akureyri, 20. mars 2020

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Rector Háskóla Akureyri". The signature is fluid and cursive, with a horizontal line underneath it.

Fyrir hönd Félags háskólakennara á Akureyri



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Háskóla Sjónhl." The signature is fluid and cursive, with a horizontal line underneath it.

